

## LÖG

um breytingu á lögum um tilkynningar aðsetursskipta,  
nr. 73/1952, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1998.*

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

---

*Páll Pétursson.*

28. desember 1998

Nr. 153

## LÖG

um byggingarsamvinnufélög.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmasta hátt ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

- a. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
- b. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessara laga taka til, skal hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ í nafni sínu og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

2. gr.

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 22/1991, um samvinnufélög, sjá þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Lágmarksfjöldi stofnenda sé 10 manns, en í sveitarfélögum með yfir 15 þúsund íbúum skal lágmarksfjöldi stofnenda vera 50 manns. Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda, verði sem skýrust.